

Til Norðurlandaráðs

E 3/2023: Svar við skriflegri fyrirspurn um norrænar næringarráðleggingar

Hvernig hefur ráðning alþjóðlegra sérfræðinga í ferlinu farið fram?
Hvernig verður brugðist við sjónarmiðum og umsögnum?
Hvernig hyggst ráðherranefndin tryggja breiða samstöðu um uppfærðu næringarráðleggingarnar?

Svar

Fyrstu tvær spurningarnar varðandi norrænu næringarráðleggingarnar tengjast starfi NNR2023-nefndarinnar. Svörin við þeim spurningum eru því sótt beint í skýrsluna sem nú býður opinsbers samráðs á vefsvæði norska Helsedirektoratet og sem finna má í heild sinni hér: <https://www.helsedirektoratet.no/horinger/nordic-nutrition-recommendations-2022-nnr2022#publicconsultationofthenrreport>

Hvernig hefur ráðning alþjóðlegra sérfræðinga í ferlinu farið fram?

Fulltrúar í stýrihópnum og í NNR2023-nefndinni voru valdir af norskum yfirvöldum heilbrigðis- og matvælamála. Um það bil 400 vísindamenn voru valdir sem höfundar, ritrýnar og fulltrúar í viðmiðunarhópum til að vinna 85 bakgrunnsskýrslur. Allir þessir sérfræðingar eru nefndir í þessu skjali og í viðauka 1. Sérfræðingarnir voru valdir af NNR-nefndinni að lokinni opinberri auglýsingu og eftir vandlegt mat á hæfni hvers og eins og reynslu sem nýtist í verkefninu. Fyrir utan auglýsingu voru nokkrir sérfræðingar valdir sérstaklega af NNR2023-nefndinni. Við valið á sérfræðingunum var reynt að huga að sanngjarnri skiptingu á milli norrænu landanna.

Hvernig verður brugðist við sjónarmiðum og umsögnum?

Allar bakgrunnsskýrslur um næringarefni, matvælaflokka og máltíða- og fæðumynstur hafa farið í gegnum opinbert samráðsferli, og einnig ítargögn um umhverfisþætti og fæðuneyslu. Fjögurra vikna umsagnartími var veittur fyrir fyrsta kaflann. Tíminn var svo lengdur upp í 8 vikur fyrir skýrslur sem skilað var inn til opinbers samráðs eftir maí 2022. Tekið var á móti þúsundum athugasemda og þær sendar áfram til höfunda til yfirferðar.



NNR-nefndin hefur farið ítarlega yfir allar umsagnir og hafa þær verið aðgengilegar á vefsvæði NNR2023. Höfundar hafa svarað í stuttu máli hverri og einni athugasemd um næringarefni, fæðuflokka, máltíðamynstur og bakgrunnssýrslu um fæðumynstur. Allar athugasemdir við bakgrunnsskýrsluna um umhverfisþætti fæðuneyslu hafa verið yfirfarnar af NNR-nefndinni og viðkomandi höfundum. NNR-nefndin hefur í samstarfi við höfundana svarað í stuttu máli hverri og einni athugasemd.

Á verkefnistímanum hefur almenningi og öðrum hlutaðeigandi verið boðið að senda inn álit til NNR-nefndarinnar í gegnum vefsæði NNR2023. NNR-nefndin hefur farið vandlega yfir öll álit og allar athugasemdir og svör nefndarinnar hafa verið aðgengileg á vefsvæðinu. Að loknum verkefnistímanum verður sérstök skýrsla birt um öll álit og svör við opinberum umsögnum og opinberum álitum.

Hvernig hyggst ráðherranefndin tryggja breiða samstöðu um uppfærðu næringarráðleggingarnar?

Norrænu næreringarráðleggingarnar eru sjálfstætt vísindaverk sem er til grundvallar og vísindalegrar ráðgjafar fyrir heilbrigðisyfirvöld á Norðurlöndum og í Eystrasaltlöndunum. Uppfærð útgáfa, NNR2023, verður gefin út 20. júní 2023. Eftir útgáfuna munu heilbrigðisyfirvöld í hverju landi taka ákvarðanir um landsbundnar næringarráðleggingar.

MR-FJLS

Svandís Svavarsdóttir

Matvælaráðherra, Íslandi